

Nr. 41.
26. okt.

Lög

um

breyting á lögum nr. 30, 20. október 1913, um umboð þjóðjarða.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Lög nr. 30, 20. okt. 1913, um umboð þjóðjarða, skulu eigi koma til framkvæmda að því er snertir Arnarstapa- og Skógarstrandarumboð og Hallbjarnareyrar, heldur skal þorstaða þess framvegis sem hingað til falin umboðsmanni, skipuðum af stjórnarráðinu. Umboðslaun skulu frá næstu umboðsmannaskiftum vera 10 % af eftirgjöldunum.

Umboðsmaðurinn í umboði þessu skal vera búsettur í bygðarlögunum kringum Snæfellsjökul.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 26. október 1917.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sigurður Jónsson.